

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 197/1992
og 426/1992.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ágústi Frímanni Sigurðssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Lax- og silungsveiði. Ómerking að hluta. Dómar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 18. mars 1992 skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Húnavatnssýslu 20. janúar 1992 í máli á hendur ákærða, og er málið nr. 197/1992 hér fyrir dómi. Þá hefur hann með stefnu 1. desember 1992 áfrýjað dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992 í öðru máli gegn ákærða, nr. 426/1992 hér fyrir dómi. Málunum er áfrýjað að ósk ákærða, sem krefst sýknu, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu og staðfestingar á ákvæðum um upptöku neta.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I. Héraðsdómur 20. janúar 1992.

Mál þetta er risið af kæru á hendur ákærða og fimm öðrum mönnum vegna 13 silunganeta í sjó við Hvammstanga, sem tekin voru upp aðfaranótt 26. júlí 1990, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Átti ákærði tvö þessara neta og var sakfelldur í málinu vegna umbúnaðar annars þeirra. Krefst ákærvaldið staðfestingar á sakarmati í dómnum.

Áður en ákæra var gefin út á hendur ákærða 13. júní 1991, hafði ríkissaksóknari heimilað með bréfi til sýslumanns Húnavatnssýslu 14. september 1990, að málum hans og hinna fimm eigendanna að umræddum netum yrði lokið með dómsáttum samkvæmt 1. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ef þeir vildu á það fallast hver um sig að gangast undir hæfilega sekt og sæta eignarupptöku á netunum. Fyrir lá þá bréf til sýslumanns 10. sama mánaðar frá verjanda ákærða í máli þessu, þar

sem hann bar sakir af mönnunum og kvartaði meðal annars yfir ónákvæmni í mælingu á netum þeirra. Í framhaldi af þessu hélt dómari sá, er síðar fékk mál ákærða til meðferðar, þing í sakadómi Húnavatnssýslu 21. mars 1991, þar sem kærumálið í heild var tekið fyrir í rannsóknarskyni. Ákvað dómariinn þar að dómkveðja tvo óvilhalla menn til að skoða öll netin og mæla möskvastærð þeirra og girnispýkkt. Að fengnum niðurstöðum þessara matsmanna þingaði dómariinn aftur í málinu 10. maí 1991 og kvaddi ákærða og fjóra aðra netaeigendur fyrir dóminn hvern um sig ásamt fyrrgreindum lögmanni þeirra. Kynnti dómariinn þeim sakargiftir og gögn málsins, og staðfestu þeir efni skýrslna sinna fyrir lögreglu og tilgreindu á ný hver um sig, hvaða net þeir ættu. Hann kynnti þeim einnig fyrrgreint erindi ríkissaksóknara, og kváðust þeir allir hafna dómsátt í máli sínu.

Sjötti netaeigandinn kom svo fyrir dóminn 23. sama mánaðar. Var málið kynnt honum á sama hátt, og kvaðst hann fallast á að ljúka því með dómsátt. Bauð dómariinn honum að gangast undir 10.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 4. og 7. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, sbr. stafliði d og j í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, jafnframt því að sæta upptöku tveggja neta og greiða 4.500 krónur í sakarkostnað. Samþykkti kærði þessi málalok.

Dómariinn fór með mál þessi í sakadómi sem settur héraðsdómari í Húnavatnssýslu og var óháður sýslumanni. Af bókunum um þinghöldin 10. og 23. maí 1991 má ráða, að dómariinn hafi kynnt kærðu erindi ríkissaksóknara um málalok samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 án þess að gera boð um dómsátt þá þegar, í því skyni að kanna, hvort þeir vildu játa sakargiftum. Eigi að síður hlaut hann að hafa virt það, hver sönnun um sök væri fólgin í fram komnum gögnum og hvort refsing fyrir það atferli, sem kært var yfir, yrði sekt hið mesta, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Í því sambandi er og á það að líta, að netaeigandi sá, er tók boði dómarsins um dómsátt 23. maí 1991, var sakaður um brot á reglum um möskvastærð með svipuðum hætti og ákærði í máli þessu.

Eins og atvikum er háttað, verður ekki hjá því komist að líta svo á, að með afskiptum sínum í þinghöldunum 10. og 23. maí 1991 af málum netaeigendanna hafi héraðsdómariinn tekið afstöðu til

sakarefnis í ákæru máls þessa á þann veg, að hann geti ekki farið með málið sem dómari, sbr. 7. tl. 36. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm sakadóms Húnavatnssýslu ex officio og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

II. Héraðsdómur 4. nóvember 1992.

Mál þetta varðar silunganet, er tekið var upp fyrir ákærða við Hvammstanga 7. ágúst 1991, þar sem hann hafði lagt það við sker undan ströndinni. Sker þetta er grjótsker með berum klappartoppum og er í enda á þangi vöxnum tanga eða garði, sem stendur upp úr sjó um fjöru. Ákærði er sakaður um brot gegn 2. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, en þar segir: „Lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar frá stórstraumsfjöruborði að stjóra sjávarmegin.“ Beinist ákæran að því, að silunganetið hafi ekki verið landfast, en varðar ekki lengd á netinu í sjó fram. Skerið er ofan stórstraumsfjörumáls.

Reglur nr. 205/1990 (sbr. áður reglur nr. 378/1989) eru aðallega byggðar á þeirri heimild til reglusetningar, sem ráðherra er veitt í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Í þeirri málsgrein er jafnframt kveðið á um þá meginreglu, að veiði göngusilungs í sjó skuli „hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er“, og verður að meta reglur þessar í ljósi hennar. Samkvæmt því felst það annars vegar í kvöðinni um landfestu, að net skuli lagt frá bakka, eins og fyrir er mælt í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 76/1970, en í 1. gr. laganna er bakki skilgreindur sem „fast takmark svo sem klettur, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði“. Að hinu leytinu lýtur kvöðin að því, að festingu á netinu sé þannig fyrir komið, að það geti með réttu talist lagnet eða föst veiðivél, sbr. skilgreiningu í 1. gr. laganna.

Aðstæður við fyrrgreint sker hafa ekki verið kannaðar með mati eða mælingu dómkvaddra manna, en fyrir liggur skýrsla rann-

sóknarlögreglumanns um athugun á þeim auk nokkurra ljósmynda. Af gögnum þessum má ráða, að skerið sé nærri mörkum þess að fara á kaf um stórstraumsflæði, en ekki er sannað, að sjór falli þá yfir það eða að þar megi ekki fá viðunandi festu fyrir lagnet. Ákærði hefur haldið því fram, að net hafi verið lögð á þessum stað um árabíl, án þess að athugasemdir hafi verið við það gerðar. Er þetta ókannað. Eins og málið liggur fyrir, brestur viðhlítandi sönnun um sök ákærða samkvæmt þessari ákæru, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verða staðfest með þeirri breytingu, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

III.

Eftir fyrrgreindum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað máls þessa á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 20. janúar 1992 og málsmeðferð fyrir dóminum eiga að vera ómerk, og er því máli vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraðsdómi Norðurlands vestra.

Ákærði, Ágústi Frímanni Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákæruskjali 11. nóvember 1991.

Ákvæði héraðsdóms 4. nóvember 1992 um sakarkostnað eiga að vera óröskuð með þeirri breytingu, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. S-2206/1991: Ákæruvaldið gegn Ágústi Frímanni Sigurðssyni. Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 16. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember 1991, á hendur Ágústi Frímanni Sigurðs-

syni, Hlíðarvegi 10, Hvammstanga, fæddum 3. maí 1954, fæðingarnúmer 310, „fyrir að hafa miðvikudaginn 7. ágúst 1991 haft silungsveiðinet í sjó við sker niður undan Steypustöðinni á Hvammstanga, án þess að það væri landfast og með fullnægjandi merkingum, en að kvöldi þess dags tók veiðivörður netið upp.

Telst þetta varða við 2. og 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og samkvæmt 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði til upptöku á silunganeti því, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins“.

Við munnlegan flutning málsins féll fulltrúi ákærvaldsins, Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, frá saksókn vegna brots á 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990.

Verjandi ákærða, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, gerði þær kröfur, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, felld á ríkissjóð.

Málavextir.

Vitnið Sigurgeir Ó. Sigmundsson nemi, en starfandi veiðieftirlitsmaður á vatnasvæði Miðfjarðarár og við sjávarströnd Miðfjarðar og í sjó við Vatnsnes í V.-Húnavatnssýslu, þegar mál þetta kom upp, kvaðst hafa átt tal við ákærða 6. ágúst 1991, eftir að hann hafði séð ákærða vitja um net, er lá út frá skeri niður undan Steypustöðinni á Hvammstanga, en þeir hafi ekki átt langt samtal vegna viðbragða ákærða. Sker þetta er endi tanga, sem kemur upp á fjöru.

Hinn 7. ágúst sl. fóru vitnin Sigurgeir og lögreglumaðurinn Þröstur Línadal í eftirlitsferð um Miðfjörð á báti, er leigður var til fararinnar. Fóru þeir frá Skagaströnd um kl. 19.45 og komu að Hvammstanga um kl. 21.30. Þar tóku þeir upp eitt net, sem veiðieftirlitsmaður taldi með of stóra möskva, og einnig taldi hann það ekki landfast. Vitnið Sigurgeir bar, að umrætt net hefði verið lagt utan við skerið, en festing þess landmegin verið með þeim hætti, að við blýtein netsins hefði verið festur u. þ. b. sex metra langur spotti og í enda hans netsteinn af venjulegri gerð. Netsteinninn hefði legið á sjávarbotni, en ekki í eða utan í skerinu. Vitnið Þröstur Línadal bar einnig fyrir dómi, að netsteinn, sem festur var við netið, hefði legið á sjávarbotni við skerið, en ekki verið á eða í skerinu, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það, en að minnsta kosti tveir metrar hefðu verið niður á netsteininn. Vitnin báru, að nokkuð hátt hefði verið í sjó á umræddum tíma og endi skersins staðið upp úr, en flætt yfir tangann að öðru leyti. Vitnin

sögðu bæði, að ástæða þess, að netið var tekið, hefði verið sú, að þeir töldu það hafa of stóra möskva og hefði verið ólöglega lagt. Þá kvað vitnið Sigurgeir ástæðu fararinnar hafa verið að athuga, hvort netið væri landfast.

Eftir að vitnin höfðu tekið upp umrætt net og skoðað tvö önnur, héldu þau til Skagastrandar, þar sem ákærði og fleiri menn biðu þeirra. Urðu þar nokkur orðaskipti og samkvæmt framburði vitnisins Sigurgeirs einnig nokkrar stimpingar vegna upptöku netsins og í framhaldi af því handtaka ákærða og fleiri aðila, en ekki var ákært vegna þeirra atburða.

Ákærði bar við yfirheyrslur hjá lögreglu 8. ágúst 1991, að net sitt hefði verið lagt út frá eyju í landi Hvammstangahrepps, og benti á, að árið áður hefði verið lagt hald á net, er hann átti og lagt var á sama stað, en af hálfu ríkissaksóknara við málarekstur út af því neti hefði ekki verið ákært vegna staðsetningar netsins. Fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði lagt netið með þeim hætti, að hann hefði hent netsteini, er festur var við blýtein netsins með u. þ. b. sex metra löngum spotta, upp í sker undan landi Hvammstanga. Með þessum hætti taldi ákærði net sitt landfast. Þá hefur ákærði haldið því fram, að net hafi lengi verið lögð á þessum stað, án þess að athugasemdir hefðu verið gerðar við það.

Niðurstöður.

Ákærði hefur bæði fyrir dómi og við skýrslutöku hjá lögreglu haldið því fram, að hann hafi lagt net sitt út frá nefndu skeri. Fyrir dóminum bar hann, að það hefði verið gert með þeim hætti, að stjóra netsins hefði verið hent upp í skerið. Vitnin, sem leidd voru vegna máls þessa, hafa bæði borið, að festing netsins við land hafi ekki verið eins og ákærði hefur haldið fram, heldur hafi stjórnin legið á sjávarbotni við margnefnt sker. Gegn framburði ákærða er ekki unnt að staðhæfa, að ásetningur hans hafi staðið til annars en festa net sitt í þann hluta skersins, sem stendur upp úr á flóði. Hins vegar telst sannað með framburði tveggja vitna, að endi netsins var ekki á þeim stað, er vitnin tóku netið upp. Ósannað er, að umrætt sker fari í kaf á stórstraumsflóði. Samkvæmt 29. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 ber að leggja lagnet frá bakka, en bakki er í 2. gr. nefndra laga við veiðar í sjó skilgreindur sem fast takmark, er sjór fellur eigi yfir á stórstraumsflæði. Skilja verður þetta ákvæði svo, að bakki sé samfelt land, þar sem sjór fellur hæst að landi, þegar straumur er stærstur. Staður sá, er ákærði ætlaði að leggja net sitt, er því ekki við bakka, heldur sker, og hefur ákærði því gerst brotlegur við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Við ákvörðun refsingar skal tekið tillit til þess, að ákærði var dæmdur 20. janúar 1992 í sakadómi Húnavatnssýslu til refsingar fyrir brot á lax- og silungsveiðilögum.

Ákæra í máli þessu var gefin út 11. nóvember 1991. Þykir því rétt, eins og hér stendur á, með vísan til 78. gr., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, að dæma ákærða ekki frekari refsingu í máli þessu. Með vísan til 100. gr. laga nr. 76/1970 er net það, er hér um ræðir, gert upptækt í ríkissjóð. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr., auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, en þau þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr., og renni þau í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Ágústi Frímanni Sigurðssyni, er ekki gerð frekari refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr., auk virðisaukaskatts og saksóknarlaun, 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.

Net ákærða, sem hald var lagt á vegna rannsóknar máls þessa, er gert upptækt til ríkissjóðs.
